

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 50/2014 um .eu höfuðléníð.

1. gr.

Innleiðing.

Á eftir e-lið 3. gr. reglugerðarinnar bætist við nýr staflíður, f-liður, svohljóðandi:

f. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/516 frá 26. mars 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 874/2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðléníð og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74, dags. 10. desember 2015, á bls. 885, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 271/2015, frá 30. október 2015.

2. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 75. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 8. mars 2016.

F. h. r.

Sigurbergur Björnsson.

Vera Sveinbjörnsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.